

Starf hafnsögumanns laust til umsóknar

Vestmannaeyjahöfn auglýsir starf hafnsögumanns laust til umsóknar. Um er að ræða fullt starf sem og bakvaktir. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Hafnsögumenn Vestmannaeyjahafnar þurfa að hafa góða samskiptahæfni og færni í mannlegum samskiptum sem og áhuga á að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum.

Nánari upplýsingar á vef Vestmannaeyjabæjar og hjá Dóru Björk, hafnarstjóra, í síma 488-2545 eða á netfanginu dora@vestmannaeyjar.is.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Vestmannaeyjabær hvetur alla áhugasama til þess að sækja um starfið óháð kyni.

Skila skal umsókn á netfangið dora@vestmannaeyjar.is og merkja „umsókn“. Einnig er hægt að skila umsóknum á Skildingaveg 5, 900 Vestmannaeyjum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsóknarfrestur er til og með 14. desember nk.

